



AÐALFUNDUR 2025

Landsbankanum
15. maí 2025



1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Fundarstjóri

Alfreð Andri Alfreðsson, lögfræðingur hjá PwC

Fundarritari

Hannes Sigurðsson, lögfræðingur hjá PwC



Lögmæti fundarins



Dagskrá aðalfundar

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár
5. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna
6. Kosning stjórnar
7. Kosning endurskoðanda/skoðunarmanns
8. Ákvörðun félagsgjalds
9. Tillögur að breytingum á samþykktum
10. Önnur mál

Að loknum hefðbundum aðalfundarstörfum mun Jóhann Páll Jóhannsson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra ávarpa fundargesti.



2. Skýrsla stjórnar


Stofnun og aðilar



Skipting félagsaðila

- 13 Lífeyrissjóðir
- 12 Rekstarfélög/rekstraraðilar
- 8 Ráðgjafafyrirtæki
- 4 Bankar
- 4 Tryggingafélög
- 4 Eignastýringarfyrirtæki
- 2 Sölu- og framleiðslufyrirtæki
- 1 Háskóli
- 1 Félagasamtök
- 1 Kauphöll

Félagsaðilar - fjöldi



Tilgangur IcelandSIF



Félagið er sjálfstæður vettvangur fyrir umræður og fræðslu um sjálfbærar fjárfestingar. Tilgangur samtakanna er að:

- efla þekkingu félagsaðila á aðferðafræði sjálfbærra fjárfestinga, og
- auka umræður um sjálfbærar fjárfestingar.

Félagið hefur ekki tiltekna afstöðu til sjálfbærra fjárfestinga og skal ekki taka opinbera afstöðu til einstakra málefna. Þetta kemur þó ekki í veg fyrir almenna upplýsingagjöf á vegum félagsins um sjálfbærar fjárfestingar.

Stefna IcelandSIF



Fræðsla

*Hnitmiðuð og
fagleg fræðsla*

Samskipti

*Miðlum efni og
hvetjum til umræðu*

Virk þátttaka

*Hvetjum til þátttöku
félagsaðila og
aukum samstarf við
hagsmunaaðila*

Samnorrænt samstarf



SWESIF

STOFNAÐ 2003

DANSIF

STOFNAÐ 2008



STOFNAÐ 2010

norsif

STOFNAÐ 2013



STOFNAÐ 2017



Starfsemi frá síðasta aðalfundi

Starfsemi frá síðasta aðalfundi



Starfið hefur verið leitt áfram af stjórn samtakanna en einnig hafa **þrír virkir vinnuhópar** skipað mikilvægan sess í starfinu á liðnu starfsári.



**Fræðslu- og
upplýsingahópur**



Lögfræðihópur



Miðlunarhópur



Fræðslu- og upplýsingahópur



Tilgangur og hlutverk

Tilgangur hósins er að standa að faglegri og aðgengilegri fræðslu um sjálfbærar og ábyrgar fjárfestingar. Hópurinn skipuleggur viðburði og útbýr fræðsluefni m.a. um sjálfbærar og ábyrgar fjármálaafurðir og tekur virkan þátt í samstarfi við innlenda og erlenda háskóla og samstarfsaðila.

Meðlimir

Þráinn Halldórsson,
Lífeyrissjóður verzlunarmanna, formaður

Diljá Eir Ólafsdóttir,
Kvika banki

Iðunn Hafsteinsdóttir,
Stefnir

Jóhanna Gunnþóra Guðmundsdóttir,
KPMG



Lögfræðihópur



Tilgangur og hlutverk

Tilgangur hópsins er að taka saman og miðla efni sem tengist núverandi og framtíðarlöggjöf á sviði sjálfbærra og ábyrgra fjárfestinga sem snerta félagsaðila með einum eða öðrum hætti. Hópurinn skipuleggur jafnframt viðburði á því sviði.

Meðlimir

Eva Margrét Ævarsdóttir,
LEX, formaður

Arnar Sveinn Harðarson,
Arion banki

Agla Eir Vilhjálmisdóttir, BBA/Fjeldco

Jóhanna Claessen,
Landsbankinn

Olga Dís Þorvaldsdóttir,
TM



Miðlunarhópur



Tilgangur og hlutverk

Tilgangur hópsins er að miðla efni sem verður til á vettvangi samtakanna til félagsaðila með aðgengilegum hætti, meðal annars í gegnum samfélagsmiðla. Hópurinn skipuleggur viðburði í samstarfi við stjórn og aðra vinnuhópa innan samtakanna

Meðlimir

Helena Guðjónsdóttir,
Íslandssjóðir, formaður

Hallgerður Ragnarsdóttir,
KPMG

Saga Helgason,
Landsbankinn

Viðburðir á starfsárinu



Haust 2024

- Stöðufundur
Hvernig gengur innleiðingarferlið?
- Kolefnismarkaðir
Áhættur og tækifæri fyrir fjárfesta
- Háskólarnir og atvinnulífið
Nýjar rannsóknir um sjálfbærni og ábyrgar fjárfestingar

Vor 2025

- Ný tækifæri í grænum fjárfestingum
Blendingsfjármögnun í gegnum ICMA
- Breytt framtíðarsýn?
Áhrif Omnibus-tillaga ESB á sjálfbær fjármál
- ESG bakslag
og áhrif þess á Íslandi



FRÉTTAVAKT

Fyrir 4 tímum

Afstaða flokkanna til fjárhagslegra hvata fyrir loftslagsvænar fjárfestingar

Sjö stjórnmalaflokkar svöruðu spurningum Iceland Sustainable Investment Forum (IcelandSIF) um afstöðu þeirra til fjárhagslegra hvata fyrir loftslagsvænar fjárfestingar.

NÝJAR REGLUR Í FARVATNINU HVATAR TIL LANGTÍMA ÞÁTTÖKU HLUTHAFA

Efni úr grein eftir **Eva Margrét Evarsdóttir**, lögmann og eiganda hjá LEX lögmannsstofu, og **Ógla Eir Vilhjálmisdóttir**, verkefnastjóra hjá BBA/Ejeldco, um tilskipun (ESB) 2017/828, birt á vef IcelandSIF.

Miðlun efnis



- **Eva Margrét Evarsdóttir og Agla Eir Vilhjálmisdóttir: Nýjar reglur í farvatninu - hvatar til langtíma þátttöku hluthafa**
- **Þröstur Olaf Sigurjónsson og Stefan Wendt: Áhrif stofnanafjárfesta á ákvarðanatöku fyrirtækja**
- **Halla Kristjánsdóttir: Umboðsskylda og langtímasýn fjárfesta**



IcelandSIF
502 followers
4w • 🌐

IcelandSIF hélt fjárfund þann 26. mars sl. með yfirskriftinni "Breytt framtíðarsýn – áhrif Omnibus tillaga ESB á sjálfbær fjármál" þar sem fyrirlesarar fóru yfir tillögurnar og möguleg áhrif á sjálfbær fjármál, bæði hérlendis og erlendis. ...more

Show translation



Omnibus tillögur ESB

Markmið

- Liður í ataki ESB í að draga úr reglubyrdi.
- Er ætlað að einfalda, bæta skilvirkni og auka samkeppnishæfni.

Helstu breytingar

- Regluverkið er einfaldad.
- Gildissvið er brengt.
- Hluti regluverksins er settur í biðstöðu á meðan á óvissunni stendur (i.e. Stop the clock).

Gildissvið

- Fyrstu tillögur ná til:
 - CSRD
 - CSDDD
 - EU Taxonomy (Iflökkunarreglugerðin)
 - Carbon Adjustment Mechanism (CBAM)
 - InvestEU reglugerðin

Gildistaka

- A eftir að fara í gegnum löggjafarferli ESB.
- Tillögurnar gætu tekið breytingum áður en þær taka gildi.



IcelandSIF
502 followers
10mo • 🌐

Evrópsku eftirlitsstofnanirnar (EBA, EIOPA og ESMA) birtu í gær sameiginlegt álit um tillögur að breytingum á SFDR-reglugerðinni. ...more

Show translation



Eurosif - The European Sustainable Investment Forum
31,516 followers
10mo • 🌐

Today, the ESAs published their joint recommendations on a review of the Sustainable Finance Disclosure Regulation (#SFDR). ...more



IC 2024 06

18 June 2024


Joint ESAs Opinion

On the assessment of the Sustainable Finance Disclosure Regulation (SFDR)

Miðlun efnis




Umferð á vefsíðu



Miðlun efnis



Fylgjendur á LinkedIn





Þakkir til stjórnar



3. Reikningar lagðir fram til samþykktar



Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur			
Félagsgjöld		13.040.000	11.762.500
		<u>13.040.000</u>	<u>11.762.500</u>
Rekstrargjöld			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(3.154.509)	(3.713.778)
		<u>(3.154.509)</u>	<u>(3.713.778)</u>
Rekstrarhagnaður		9.885.491	8.048.722
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	3		
Fjármunatekjur		712.803	100.710
Fjármagnsgjöld		(151.805)	(16.529)
		<u>560.998</u>	<u>84.181</u>
Hagnaður ársins		<u>10.446.489</u>	<u>8.132.903</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024



Eignir	Skýr.	2024	2023
Veltufjármunir			
Kröfur vegna félagsgjalda	4	175.000	337.500
Handbært fé	5	<u>20.279.329</u>	<u>9.630.822</u>
		20.454.329	9.968.322
Eignir samtals		<u>20.454.329</u>	<u>9.968.322</u>
Eigið fé og skuldir	Skýr.	2024	2023
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	6	<u>20.335.935</u>	<u>9.889.446</u>
		20.335.935	9.889.446
Skuldir			
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir	7	<u>118.394</u>	<u>78.876</u>
		118.394	78.876
Skuldir samtals		118.394	78.876
Eigið fé og skuldir samtals		<u>20.454.329</u>	<u>9.968.322</u>

Sjóðstreymi ársins 2024



	Skýr.	2024	2023
Rekstarheyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður ársins		10.446.489	8.132.903
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		(560.998)	(84.181)
		<u>9.885.491</u>	<u>8.048.722</u>
(Hækkun) lækkun rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	4	162.500	(262.500)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Hækkun skammtímaskulda	7	39.518	36.297
		<u>202.018</u>	<u>(226.203)</u>
Innborgaðar vaxtatekjur		712.803	100.710
Greiddur fjármagnstekjuskattur		(151.805)	(16.529)
		<u>560.998</u>	<u>84.181</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>10.648.507</u>	<u>7.906.700</u>
Hækkun á handbæru fé		10.648.507	7.906.700
Handbært fé í byrjun árs		9.630.822	1.724.122
Handbært fé í árslok		<u><u>20.279.329</u></u>	<u><u>9.630.822</u></u>



4. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár



Fjárhagsáætlun

Áætlaðar tekjur: Kr. 13.500.000

Áætlaður Kostnaður:

Aðalfundur og ársreikningur Kr. 1.000.000

Bókhaldsþjónusta Kr. 900.000

Hugbúnaður (Admin Control) Kr. 650.000

Viðburðir Kr. 500.000

Hugbúnaður og skjölun Kr. 400.000

Tölvukerfi (Overcast) Kr. 400.000

Áskrift að Keldunni Kr. 230.000

Samanlagt: Kr. 4.080.000

Hagnaður: Kr. 9.420.000

5. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna

Tillaga er um að ekki verði greidd stjórnarlaun.

6. Kosning stjórnar

Kosning stjórnar



„Stjórn skal skipuð fimm til sjö stjórnarmönnum sem kjörnir eru á aðalfundi til eins árs í senn.“

Framboð til stjórnar:

- Arnar Sveinn Harðarson,
lögfræðingur hjá Arion banka
- Heiðrún Hödd Jónsdóttir,
sjálfbærnisérfræðingur hjá LSR
- Helena Guðjónsdóttir,
deildarstjóri viðskiptaþróunar og
sjálfbærni hjá Íslandssjóðum
- Kristín Halldórsdóttir,
viðskiptastjóri í eignastýringu
Íslandsbanka
- Per Matts Henje,
sjóðsstjóri hjá Stefni
- Vigdís Sif Hrafnkelsdóttir,
viðskiptastjóri í fagfjárfestaþjónustu
Landsbankans
- Þráinn Halldórsson,
sérfræðingur í eignastýringu Lífeyrissjóðs
verzlunarmanna



7. Kosning endurskoðanda / skoðunarmanns

Kosning endurskoðanda / skoðunarmanns



Tillaga er um að PricewaterhouseCoopers ehf., kt.690681-0139, (PWC) verði áfram endurskoðandi félagsins.



8. Ákvörðun félagsgjalds





Ákvörðun félagsgjalds

Tillaga er um að félagsgjald hækki úr kr. 185.000 og kr. 370.000 og verði:

- **190.000 kr.** fyrir félagsaðila með minna en 100 ma.kr. í stýringu, þ.m.t. aukaaðila.
- **385.000 kr.** fyrir félagsaðila með meira en 100 ma.kr. í stýringu.

Hækkunin tekur mið af hækkun verðlags sl. 12 mánuði.

Gjaldið gildir fyrir tímabilið eftir aðalfund 2025 til aðalfundar 2026.

9. Tillögur að breytingum á samþykktum



Tillögur til breytinga á samþykktum

Stjórn félagsins leggur til eftirfarandi breytingar á samþykktum félagsins:

1. gr. og 2. gr. – *vísað til sjálfbærra „og ábyrgra“/“eða ábyrgra“ fjárfestinga.*

3. gr. – (málfar) Innsláttarvilla leiðrétt í 8. mgr.

5. gr. – (málfar) Tvítekning fjarlægð

6. gr. – Heimild til að veita styrki til rannsóknarverkefna.

7. gr. – Heimild til að ráða starfsfólk.

Niðurlag - Samþykktir IcelandSIF samþykktar á aðalfundi og staðfestar af stjórn félagsins þann 15. maí 2025.

1. gr. Nafn, heimili og varnarþing

Félagið heitir IcelandSIF - Íslenskur umræðuvettvangur fyrir sjálfbærar og ábyrgar fjárfestingar. Félagið er almennt félag. Aukaheiti félagsins er IceSIF og er notað í markaðslegum tilgangi.

Heimili félagsins og varnarþing er í Kópavogi.

2. gr. Tilgangur

Félagið er sjálfstæður vettvangur fyrir umræður og fræðslu um sjálfbærar og ábyrgar fjárfestingar. Tilgangurinn er að

- efla þekkingu félagsaðila á aðferðafræði sjálfbærra og ábyrgra fjárfestinga, og
- auka umræður um sjálfbærar og ábyrgar fjárfestingar.

Félagið hefur ekki tiltekna afstöðu til sjálfbærra eða ábyrgra fjárfestinga og skal ekki taka opinbera afstöðu til einstakra málefna. Þetta kemur þó ekki í veg fyrir almenna upplýsingagjöf á vegum félagsins um- sjálfbærar og ábyrgar fjárfestingar.

3. gr. Félagsaðilar

Félagsaðilar eru tvenns konar, aðildarfélög og aukaaðilar.

Aðildarfélög geta verið starfsleyfisskyld fjármálafyrirtæki, lífeyrissjóðir og tryggingarfélög sem fjárfesta fyrir eigin reikning eða í umboði þriðja aðila með starfsemi á Íslandi og styðja tilgang félagsins.

Aukaaðilar geta verið aðrir lögaðilar, samtök og opinberir aðilar með starfsemi á Íslandi sem styðja tilgang félagsins.

Stjórn félagsins ákveður hvort viðkomandi uppfylli skilyrði til að gerast aðili að félaginu.

Stjórn er heimilt að vísa félagsaðilum úr félaginu þ. á m. hafi þeir ekki greitt félagsgjöld, unnið gegn markmiðum félagsins eða augljóslega skaðað hagsmuni félagsins. Áður en félagsaðila er vísað úr félaginu skal hann upplýstur skriflega um ástæður þess og fá að minnsta kosti fjórtán daga til andmæla. Eftir að ákvörðun hefur verið tekin skal stjórn upplýsa lögaðilanum um það innan fjórtán daga.

Félagsaðilar greiða árgjald til félagsins. Félagsgjaldið getur verið mismunandi eftir flokkum félagsaðila. Aðalfundur ákveður árgjaldið eftir tillögu stjórnar þar um.

Sækja ber um aðild að félaginu. Í umsókninni skal koma fram yfirlýsing um að umsækjandi styðji tilgang félagsins. Viðkomandi skuldbindur sig til að greiða árgjald eins og það er ákvarðað hverju sinni.

Úrsögn úr félaginu skal tilkynnt stjórn félagsins. Þegar greidd árgjöld endurgreiðast ekki við úrsögn úr félaginu. Aðildarfélag eða aukaaðili sem ekki hefur greitt árgjald innan þriggja ~~manaða~~mánaða frá gjalddaga telst hafa sagt upp félagsaðild.

5. gr. Aðalfundur

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur félagsins skal halda fyrir 1. júní ár hvert. Boða skal aðalfundur með minnst fjögurra vikna fyrirvara með tölvupósti til félagsmanna. Aðalfundur er ályktunarbær sé rétt til hans boðað. ~~Einungis fulltrúar félagsaðila geta sótt aðalfund.~~ Hvert aðildarfélag fer með eitt atkvæði á fundinum. Aukaaðilar hafa ekki atkvæðisrétt en hafa rétt til þess að taka til máls og geta borið fram tillögur. **Rétt til setu á aðalfundi hafa fulltrúar félagsaðila sem greitt hafa félagsgjöld næstliðins starfsárs.** Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum atkvæða á aðalfundi. Þetta gildir þó ekki um ákvörðun um breytingu á samþykktum þessum og ekki um ákvörðun um slit félagsins.

6. gr. Félagsstjórn

Stjórn félagsins fer með málefni þess á milli aðalfunda í samræmi við ákvæði samþykktá þessara og ákvarðana aðal- og aukafunda. Undirritun meirihluta stjórnarmanna skuldbindur félagið. Stjórn félagsins stýrir og ráðstafar sjóðum þess. Þó skulu ákvarðanir sem hafa verulega fjárhagslega þýðingu fyrir félagið lagðar fyrir aðalfund til afgreiðslu. Stjórn félagsins er heimilt að veita styrki til rannsóknarverkefna sem styðja við tilgang félagsins.

7. gr.

Framkvæmdastjóri og/eða starfsfólk

Stjórn félagsins getur ráðið framkvæmdastjóra til félagsins og ákveður þá starfskjör hans. Félagsstjórn, eða framkvæmdastjóri, verði hann ráðinn, hefur með höndum daglegan rekstur félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða hannfélagið.

Stjórn er einnig heimilt að ráða starfsfólk til að starfa í þágu félagsins. Um heimildir starfsfólks til að skuldbinda félagið fer eftir ákvörðun stjórnar.

10. Önnur mál



Jóhann Páll Jóhannsson
umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra

